

## AUGLÝSING

### um afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar Kópavogsbærar á tillögum að breyttu deiliskipulagi.

#### *Víðigrund 35. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbærar þann 26. september 2017 breytt deiliskipulag fyrir Víðigrund 35. Í breytingunni felst heimild fyrir viðbyggingu á vesturhlið hússins og tengibyggingu á austurhlið að bílskúr sem einnig er sótt um. Viðbyggningin er 16 m<sup>2</sup>, tengibyggingin er 11,4 m<sup>2</sup> og bílskúrinn 29,5 m<sup>2</sup>, samtals stækkun 56,9 m<sup>2</sup>. Þá felst í breytingunni heimild til að nýta áður gerðan kjallara undir íbúðarhúsinu, 128 m<sup>2</sup> að flatarmáli og koma fyrir tveimur gluggum á vesturhlið kjallara hússins. Byggingarmagn á lóðinni fyrir breytingu er 131,2 m<sup>2</sup> og nýtingarhlutfall 0,30. Samkvæmt tillöggunni yrði byggingarmagn á lóðinni eftir breytingu 281,1 m<sup>2</sup> og nýtingarhlutfall 0,61.

Málsmeðferð var skv. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Dalaþing 26 og 26a. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbærar 26. september 2017 breytt deiliskipulag fyrir Dalaþing 26 og 26a. Í breytingunni felst að hámarksbyggingarmagn eykst úr 400 m<sup>2</sup> í 420 m<sup>2</sup>.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 44. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Ögurhvarf 6. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 26. september 2017 breytt deiliskipulag fyrir Ögurhvarf 6. Í breytingunni felst heimild til að byggja um 107 m<sup>2</sup> viðbyggingu við núverandi atvinnuhús.

Málsmeðferð var skv. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Geislalind 6. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 26. september 2017 breytt deiliskipulag fyrir Geislalind 6. Í breytingunni felst stækkun á einbýlishúsi auk byggingar á stakstæðri vinnustofu og bílskúr á lóðinni. Heildarstærð einbýlishúss eftir stækkun yrði um 145 m<sup>2</sup> í stað um 130 m<sup>2</sup>. Stærð stakstæðrar byggingar er áætluð um 133 m<sup>2</sup>, brúttostærð eftir breytingu er 278 m<sup>2</sup>.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Austurkór 127. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 26. september 2017 breytt deiliskipulag fyrir Austurkór 127. Í breytingunni felst að einbýlishúsalóð er breytt í parhúsalóð og byggingarreitur er breikkaður um 1,5 m til suðurs, 3,5 m til norðurs og 1 m til austurs. Gert er ráð fyrir parhúsi á einni hæð með innbyggðri bílgeymslu og fjórum bílastæðum á lóðinni. Hámarksstærð grunnflatar eykst úr 250 m<sup>2</sup> í 330 m<sup>2</sup>.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Smáinn vestan Reykjanesbrautar. 201 Smári. Svæði A10. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbærar þann 10. október 2017 breytt deiliskipulag fyrir svæði A10 í 201 Smári. Í tillöggunni felst að lega og fyrirkomulag bílastæða og opinna svæða á lóð fyrirhugaðra húsa á svæðinu breytist. Opin bílgeymsla við

Nr. 875

11. október 2017

hús A er feld út; hús A verður 4-6 hæðir í stað 4-7 hæða; hús C verður 4-7 hæðir í stað 4 hæða og í því húsi verður fjöldi íbúða 18 í stað 9. Fjöldi bílastæða ofanjarðar er óbreyttur þ.e. 30 staði en bílastæðum í bílageymslu neðanjarðar er fjölgað úr 55 í 57. Sorp verður í djúpgánum við gangstíg í stað sorpgeymsla í kjallara fyrirhugaðra húsa. Þá er sett inn kvöð um sjónlinur frá útkeyrslu milli húsa a og b til að auka umferðaröryggi gagnvart umferð úr suðri.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 11. október 2017.*

**Birgir Hlynur Sigurðsson** skipulagsstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 13. október 2017